

Föstudagur 20. nóvember 2009

Ríkisstjórn Japans hefur lýst yfir verðhjöðunarástandi í landinu. Yfirlýsingin er túlkuð sem hvatning til sjálfstæðs seðlabanka Japans um að reyna að hefja mótvægisáðgerðir. Stýrivextir í Japan eru 0,1% núna; [Reuters](#)

OECD hvetur ríkisstjórn Spánar til að fresta fyrirhuguðum skattahækkunum í landinu. OECD segir að skattahækkanir núna muni seinka því að efnahagbati komist í gang og muni jafnvel hafa þau áhrif að landið fari inn í nýja kreppu. OECD spáir –3,6% hagvexti á Spáni á þessu ári, 0,3 á því næsta og aðeins 0,9% hagvexti árið 2011; [El Pais](#)

OECD spáir að atvinnulausum muni fjölga um eina milljón manns í Þýskalandi á næsta ári og sem mun þýða að opinbert atvinnuleysi í Þýskalandi verður um 10% á því ári. Þetta þykir mjög gott atvinnuástand miðað umfang kreppunnar í Þýskalandi. Samtökin spá –4,9% hagvexti í Þýskalandi á þessu ári, 1,6% á því næsta og 1,6% á árinu 2011. Ekkert meiri háttar hagkerfi heimsins mun upplifa eins mikinn samdrátt á þessu ári eins og Þýskaland mun gera. Ein af ástæðunum fyrir því að Þýskaland mun fara svona illa út úr kreppunni er sú að illa gengur að skapa eftirspurn innanlands í þýska öldurnarhagkerfinu. Í þingkosningunum í haust voru um 50% kjósenda í Þýskalandi orðnir sextugir og eldri. Eftirspurn frá umheiminum hefur knúið hjól þýska hagkerfisins og nú er sú eftirspurn miklu minni í kreppunni.

Efnahags- og stjórnmalagetraun helgarinnar: Hvar er eftirfarandi að gerast núna? Í hvaða landi?

- Verðmæti húsnæðismassa landsins hefur fallið um 26,3 milljarða krónur á hverjum einasta degi frá árinu 2007
- Verðmæti húsnæðismassa landsins var 102 þúsund milljarðar krónur árið 2007
- Verðmæti húsnæðismassa landsins í dag er 76 þúsund milljarðar krónur
- Verðmæti húsnæðismassa landsins hefur fallið um 25% á tveim árum
- Verðmæti leigutekna frá húsnæðismassa landsins hefur verðið sprengt til baka til ársins 1999 á tveim árum
- Verðmæti leigutekna frá húsnæðismassa landsins hefur verðið flutt til baka í tíma um 10 ár á aðeins tveim árum
- Það hafa veðskuldarnar hins vegar ekki gert
- Allir bankar landsins eru komnir í faðm ríkisins. Ríkið heldur í þeim lífinu
- Atvinnuhúsnæði og tengd lán þess að andvirði 50% af þjóðarframleiðslu landsins hafa verið sett í vörslu hins opinbera
- Um 20-25% hluta atvinnuhúsnæðisins stendur tóm
- Atvinnuleysi landsins er komið í 13% og hækkar hvern mánuð
- Enginn bankanna getur lánað peninga út til fyrirtækja því verðmæti fyrirtækjanna og veð lánanna falla svo hratt í verði
- Flestar eignir bankanna eru með veði í húsnæðismassa landsins

- Verðgildi bankanna þekkir því enginn
- Nýjir hluthafar vilja ekki snerta á svona brennandi bankakerfi
- Útlánavextir bankanna eru 5,5% til 9,6%
- Verðhjöðnun er 6% á ári
- Allt sem þú kaupir af eignum er 6% minna virði en það var fyrir 12 mánuðum
- Þetta þýðir að það eru 11% til 16% raunvextir á lánum þínum
- Greiðslubyrðin þyngist og þyngist því laun lækka og lækka en það gera lánin ekki
- Afkast peninga er 6% minna en fyrir 12 mánuðum síðan
- Hver vill taka lán á 11% til 16% raunvöxtum til að kaupa eitthvað í dag sem verður ódýrara á morgun

Það eina sem getur bjargað landinu er að prenta peninga til að reyna að stöðva verðhjöðnun og reyna að búa til verðbólgu á ný. Þetta bjargaði Bandaríkjunum í apríl árið 1932. Þá henti forseti Bandaríkjanna ráðum efnahagsráðgjafa sinna út um gluggann. Hann tók Bandaríkjadal af gullfætinum og heimilaði seðlabanka Bandaríkjanna, *The Federal Reserve System*, að hefja prentun peninga. Prentun nýrra Bandaríkjadala. Á einum degi hækkaði vísitala hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum um 15% og innan mánaða tók landsframleiðsla og við sér.

- Hvaða land er um að ræða?
- Hvaða mynt notar landið og af hverju?
- Af hverju er ekki hafin peningaprentun í landinu?
- Af hverju er of hátt gengi myntar landsins ekki fellt svo hægt sé að bæta samkeppnishæfni, atvinnuástand og lánstraust landsins innan sem utanlands? Ríkið yðri þá strax betri og trúverðugri skuldari því tekjurlind - og þar með greiðslugeta þess - myndi þá síður þorna upp. Atvinna og viðskipti búa til skattatekjur ríkisins. Búa til greiðslugetu ríkisins. Þá yrði ríkið ekki atvinnu- og tekjulaust. Atvinnuleysisbætur fyrir ríki og ríkisstjórnir eru nefnilega ekki til. Þá myndi landið njóta meira og betra lánstrausts innan sem utanlands - og svo lægri vaxta, eins og til dæmis Svíþjóð hefur gert.
- Af hverju virkar peningakerfið ekki í landinu?
- Af hverju horfa menn aðgerðarlausir á?
- Hvað olli þessum óföllum landsins?
- Af hveru eru stýrivextir ekki lækkaðir?
- Er hér um fullvalda ríki að ræða, nýlendu eða hvorugt?

Svörin verða birt í næstu viku, hér og einnig á [blogg](#) mínum á vefsetri Morgunblaðsins

Fimmtudagur 19. nóvember


Í dag er beðið eftir að hvítur reykur stigi upp úr aðalstöðvum lýðræðisins í Brussel. Þar eru nefnilega samankomnir 27 æðstu valdamenn 27 ríkja Evrópusambandsins til að velja nýjan og fyrsta forseta þess. Nú er það heill *forseti* sem á að stýra því sem sumir á Íslandi halda ennþá að sé efnahagsbandalag. Þetta verður erfitt því bæði Angela Merkel og Nicolas Sarkozy verða að finna minni persónu en þau eru hvort fyrir sig. Persónan má

ekki vera það stór að hún varpi skugga - á þau. Öðru máli gegnir með hin 25 þeðin sem hýrast í kjallara ESB-garðs.

Evran var hvorki ætluð sem staðgengill né keppinautur við Bandaríkjadal segir Jean-Claude Trichet seðlabankastjóri Evrópusambandsins í viðtali við franska dagblaðið Le Monde. Seðlabankinn hvetur ekki til alþjóðlegrar notkunar evru; [Bloomberg](#)


Í viðtali á Forex blogg segir hagfræðingurinn Edward Hugh að evran þoli ekki að koma í stað eða keppa við Bandaríkjadal sem ráðandi alþjóðleg mynt. Framtíðarhorfur og efnahagur margra landa myntbandalagsins muni ekki geta borið þannig notkun á mynt Evrópusambandsins. Framtíðarhorfur Bandaríkjadals eru ágætari en dalurinn hefur sitt eigið ferli og hreyfingar sem menn gleyma oft (*e. cyclical movements*); [Forex blog](#)

Þýska hagstofan tilkynnti í gær að þýsku þjóðinni muni geta fækkað úr 82 milljón þegnum í dag og niður í 65 milljón manns á næstu 40 árum. Í dag eru 16 af 82 milljón þjóðverjum eldri en 65 ára (20%). Árið 2060 veður þetta hlutfall 33%. Í dag eru 100 persónur á vinnualdri til að styðja undir samfélagslega velferð síns sjálfra og 34 annarra persóna sem eru 65 ára og eldri (við skulum ekki tala hér um allan þann massa sem líka er atvinnulaus og undir 65 ára). Árið 2030 (eftir 20 ár) þurfa þessar 100 persónur að standa undir meira en 50 manns sem verða þá 65 ára og eldri.




Reynsan sýnir að þessar spár standast næstum aldrei því frjósemishlutfall framtíðarinnar er alltaf ofmetið. Raunveruleikinn verður nær undantekningarlaust verri (*low fertility trap*). Þau börn sem fæðast inn í barnfáar fjölskyldur munu alltaf eingast ennþá færri börn en foreldrar sínir. Menn geta einnig ímyndað sér hvernig skattar og launamyndun verður í svona þjóðfélagi. Þrýstingurinn niður, niður og enn neðar verður mikill.

Konur á frjósemisaldri munu ekki láta þjóða sér að fæða börn inn í svona vonlaus samfélög. Þær munu kjósa með fótunum og flýja til betri og sjálfbærari samfélaga í takt við að gamlir kjósendur fá meiri og meiri völd til að kjósa mannsæmandi líf undan ungu fólki. Þýska þjóðfélagið, eins og flest þjóðfélög Evrópusambandsins, er ekki sjálfbært. Vinnuafli Þýskalands mun sennilega minnka frá 50 milljón manns árið 2005 niður í 35 milljón manns árið 2050. Hagvöxtur mun ekki sjást þar næstu margar kynslóðir. Neytendurnir urðu útdauðir og gamalmenni finna mun síður upp mikilvægar nýjungar sem eru svo lífsnauðsynlegar í samkeppninni við öll önnur lönd heimsins. Frá árinu 2004 til og með ársins 2007 fækkaði þjóðverjum um tæplega 350.000 manns. Það er bara byrjunin á hnignun Þýskalands; [hagstofa Þýskalands](#)



Miðvikudagur 18. nóvember 2009

Frambjóðandi Lettlands til forsetaembættis Sové.. ?? . neið. . [byrja aftur]. Frambjóðandi Lettlands til nýja forsetaembættis *Evrópusambandsins* [þarna kom það], hún Vaira Vike-Freiberga, segir að útnefning til embættisins sé framkvæmd á sovéskan máta og minni mest á þegar valinn var nýr maður til að gegna embætti aðalritara kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Sá flokkur þjóðnýtti stjórnámál í Sovétríkjunum öllum. Hún segir að leynimakk og fyrirlitning á álit almennings ráði ferðinni. Fjölskylda Vaira Vike flúði frá Lettlandi árið 1944 þegar Sovétríkin hernumdu land hennar í annað sinn. Hún er eina manneskjan sem hefur lýst því yfir að hún gefi kost á sér til embættisins. Vaira Vike varð forseti lettneska lýðveldisins árið 1999; [Telegraph](#) | *Tengt efni: "æðsta ráð ESB stendur fyrir þjóðnýtingu stjórnámála í Evrópu á ný"*



Fyrsti til fimmti í bakkgrír. Rekstrarumhverfi evrusvæðis sigrar tuttugu-og-tvöfalt kollega sína utan myntbandalagsins. Það er mikill munur á að vera tryggður innan skjaldborgar evrusvæðis en svo hins vegar að standa utan þess. Samkvæmt *Financial Times* hafa fyrirtæki innan myntbandalagsins séð hagnað sinn þverra um 27 prósent á þriðja fjórðungi þessa árs. Þessi 27 prósent eiga við ef þú ert stórt fyrirtæki - þó ekki banki, fjármálafyrirtæki eða olíufélag - og með heimilisfestu innan skjaldborgar evrusvæðis. En sértu svo heppinn að standa fyrir utan skjaldborgina evru, þá hafa þau fyrirtæki aðeins séð 1,2 prósent hagnaðar síns þverra á þessu sama tímabili. Þegar að samdrætti í sölu kemur þá vinnur skjaldborgin evra 4,8 sinnum yfir þeim fyrirtækjum vesalinga sem standa utan við skjaldborgina. Þ.e.a.s ef þú ert innan evrusvæðis þá er það 4,8 sinnum líklegra að fyrirtæki þitt muni líða mikið sölutap en ef þú stæðir utan við skjaldborgina. Innan evrusvæðis hafa fyrirtæki þannig séð sölu sína minnka um 12,4 prósent. Þessi tala er aðeins 2,6 prósent utan evrusvæðis.



Evrar virkar greinilega. En bara ekki eins og til er ætlast. Hún virkar sem dráttarvél með fimm gírum afturábak: fyrsti, annar, þriðji, fjórði og fimmti í bakk. Þetta myndu sumir kalla fyrir bakhliðina á medalíunni. Svona er að hafa gerfimynt. Evran knýr samdráttarvélinu. Utan um þessa þekkingu gætu svo kallaðir Evrópufræðingar stofnað háskólasetur og sótt um styrk sér til máttar & rannsókna. Stofnað síða taplestrarfélag og flutt inn & út þekkingu; [Financial Times](#)



Næsti fasi er að fækka starfsfólki enn frekar en orðið er á Evrusvæðinu. Það verður gert til að forða sér frá frekara tapi, eða a.m.k. til að reyna að minnka tap rekstrarins. Þetta mun þýða að fólk missir vinnuna í enn frekara mæli en orðið er og það hættir líka að geta keypt þær vörur sem fyrirtækin framleiða. Árangurinn verður sá að taprekstur, samdráttur og atvinnuleysi evrusvæðis munu aukast enn frekar. Svo er það allur fjármálageirinn og allir bankarnir. Um 2/3 af rekstrarkostnaði banka er launakostnaður. Því er gert ráð fyrir að minnsta kosti 10. hluti starfsfólks þeirra verði látinn fara á næsta ári. Svo eru það viðskiptavinir bankanna, þ.e.a.s þeir lélegu viðskiptavinir sem færa bankanum tap með því að vera áfram viðskiptavinir í bankanum. Um 20 prósent allra viðskiptavina bankanna verða látnir fara því þeir eru lélegir. Lánin sem þeim voru veitt eru glötuð og bankinn fær ekki peningana aftur til baka. Því munu afskriftir bankanna stóraukast á

næstu mörgum árum. Þetta mun kalla á enn meira nýtt fjármagn frá ríkinu. Bankapakka númer þrjú, fjögur og fimm. Það tekur tíma að hreinsa bækur bankanna. Á meðan veit enginn hvers virði þeir eru. Því munu hlutabréf í þeim seljast illa. Vilt þú eiga hlut í banka? Ekki ég. En ríkið mun verða hluthafi í auknum mæli. Ekki ég. Vil ekki eiga banka saman með ríkinu.

Bankarnir eru og verða á hausnum hér næstu mörg árin. Þeir munu ekki geta gengt hlutverki sínu, sama þó myntin heiti evra. Þeir sem hafa látið sig dreyma um að efnahagsbati sé kominn, eða sé að koma, hér á evrusvæði og víðar, eru ekki með jarðsamband. Vísindamenn voru að finna vatn á tunglinu. Það er sennilega þaðan sem vöxturinn á að koma. Það er þangað sem útflutningsknúin hagkerfi evrusvæðis ætla að flytja út vörur sínar. Ekki er um aðra möguleika að ræða fyrir evrusvæðið. Ekki með þennan loftbelg í eftirdragi sem heitir evra. Ekkert mun lagast fyrr en kaupendur komast í gang aftur og fara að kaupa vörur og þjónustu fyrirtækjanna á ný. Það mun ekki gerast því bankar viðskiptavinanna eru á hausnum. Því þarf að spara. Spara upp. Það tekur tíma, sérstaklega þegar maður er 10-40% atvinnulaus. | [Ágætt myndskreið á blogg Edward Harrison á Credit Writedowns - ath. það er auglýsing fyrst í myndskreiðinu](#); [Meredith Whitney: "I haven't been this bearish in a year"](#)

Þriðjudagur 17. nóvember 2009

Vextir á evrusvæði: sýnishorn, mynd sumarsins sem leið:

sýnishorn af "fljótandi vöxtum" á húsnæðislánum í nokkrum löndum evrusvæðis í sumar. Það var seðlabanki evrusvæðis sem gerði þessa könnun í júní 2009. Fljótandi vextir þýðir að vextir eru breytilegir. Það eru fjármálastofnanir sem lána út peningana sem ákveða vextina. Svona lán eru alltaf ódýrust en áhætta þín jafnframt stærst. Vextir geta hækkað skyndilega og kostnaðarsamt getur verið að semja um lánið uppá nýtt og breyta yfir í fasta vexti þegar vitað er að vextir eru að hækka til lengri tíma litið. Þarna í sumar var verðbólga á Írlandi neikvæð um ca. 5% og raunvextir því um 7,68% á þessum "ódýrustu" lánum þar í landi. Í Slóvakíu var verðbólga nálægt núll. Eins og sést á myndinni eru vextir á húsnæðislánum margbreytilegir og mjög mismunandi innan evrusvæðis. Lánafyrirtæki munu alltaf horfa til verðbólgu sögu landa og jafnvel héraða innan landa og stilla áhættuþóknun sína samkvæmt því (risk premium).



Sumir aðrir vextir og 10 ára fastir húsnæðislánvextir: bestu kjörin á persónulegum lánum til 5 ára á Írlandi, ef lánsupphæðin er 22.000 evrur, eru núna hjá Bank of Ireland. Þá færðu lánið á 9,6% vöxtum, þ.e.a.s. ef þeir vilja lána þér peningana. Verðbólga á Írlandi er núna um -6,6%. Þetta eru því rétt rúmlega 16% raunvextir. Á Írlandi er líka hægt að fá húsnæðislán þar sem maður festir vextina til dæmis til 10 ára. Svona lán bera um 4,6% ársvexti. Þetta eru þá 11,2% raunvextir. En svo er auðvitað ennþá hægt að fá húsnæðislán sem bera fljótandi vexti eins og þarna fyrir ofan. Þá er það dagsverð sem ræður. Í augnablikinu eru vextir á svoleiðis húsnæðisláni ca. 2,5% á Írlandi sem þýðir að raunvextir eru 9,1% í augnablikinu og húsnæðisverð er einnig hratt fallandi; [Moneyguide Ireland](#)

Lítill fyrirtæki í Danmörku: í Danmörku geta góð og vel lánshæf lítil fyrirtæki fengið rekstrarlán (yfirdráttarheimild) ef þau geta sýnt fram á góða afkomu og eru í alla staði góður pappír og þú sjálfur einnig góður pappír og gangir persónulega í ábyrgð fyrir því að lánið verði greitt til baka. Svona lán ber um 10-12% ársvexti núna, allt eftir því hversu góður pappír þú ert. Verðbólga í Danmörku er núna 1,0%. Raunvextir eru því 9-11% á svona lánum núna.

Mánudagur 16. nóvember 2009

Beðið eftir Bandaríkjunum, bindi IV: þetta ætti að geta orðið jólabók fjármálaráðherra flestra landa heimsins þessi jólin, þ.e.a.s. ef einhver myndi skrifa bókina. Ef einhver tæki að sér að skrifa þessa bók yrði hann að byrja á bindi fjögur því fyrstu þrjú bindin hefðu átt að koma út á milli ca. 1860 og 1999. Japan er til dæmis núna að bíða eftir Bandaríkjunum. Skattatekjur japanska ríkisins munu falla um hálfan billjón dollara á þessu fjárlagaári. Skuldir hins opinbera í Japan eru um 200% af landsframleiðslu og vaxa hratt. Skuldtryggingaálag á skuldum japanska ríkisins þýtur upp á flugeldahraða. Japan er mjög líklega á leiðinni í ríkisgjaldprot innan bara fárra ára. Núna er sparnaður japanskra sparifjáreigenda að verða uppurinn því svo örfáir nýjir skattgreiðendur fæðast þar - og þá verður ekki lengur hægt að fjármagna hallarekstur japanska ríkisins með peningum þessara sparifjáreigenda, þeir þurfa nefnilega sjálfir að nota peninga, auðvitað í ellinni. Þeir sem hafa áhyggjur af Bandaríkjunum ættu að kaupa sér bók, japanska bankabók, vaxtalaus inn í hið óendanlega núll komma ekki neitt - og hratt fallandi; [Bloomberg I](#) og [II](#)

Allt saman birgðasöfnun? Heila fimm ársfjórðunga í röð dróst efnahagur evrusvæðis - sem er 16 sjálfstæð hagkerfi í Evrópu með eina (of dýra) sameiginlega mynt - saman áður en hægt var að fara út í það afrek að skrifa ótímabærar skálræður fyrir fjölmiðla um efnahagsbatann sem á að vera kominn, en sem samt er ekki kominn þegar nánar er skoðað í spilinn. Fyrst féll landsframleiðsla svæðisins 5 ársfjórðunga í röð og þá, já einmitt þá, er hægt að fara einn ársfjórðung aftur í tímann til að finna út að samanlagður efnahagurinn í þessum 16 löndum hefur vaxið frá ársfjórðungi númer fjögur til númer fimm, en er samt fallin um 4,8% miðað við síðustu fjóra fjórðunga og enn meira miðað við þann fimmta í fortíðinni. Fréttirnar segja að það sé Þýskaland sem "knýji" vöxtinn áfram. Þetta er spuni fjölmiðla og mest kjánaskapur. Þýskaland "knýr" ekki neitt áfram lengur. Þýskaland knýr hins vegar flest aftur á bak. Efnahagsbati í Þýskalandi er einfaldlega ekki mögulegur lengur því Þýskaland er hjálparvana öldrunarhagkerfi sem mun ekki vaxa aftur fyrr en eftirspurn frá útlöndum fellur á fjörur elliheimilisins Þýskaland. Það er ekkert sem Þýskaland getur sjálft gert til að skapa vöxt innan í Þýskalandi. Það er ekki hægt á elliheimilum hagkerfa. Ekkert mun vaxa í Þýskalandi nema með leyfi útlanda. Og ekki verður það sjálft þýska hagkerfið sem mun koma eftirspurn af stað úti í þessum heimi sem þeir þykjast stundum vera hluti af, sérstaklega þegar þeir vilja flytja til markaða útlanda það sem þeir framleiða heima á elliheimilinu.

Country	Percentage change compared with the previous year			
	2008	2009	2010	2011
EU27	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU28	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU29	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU30	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU31	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU32	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU33	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU34	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU35	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU36	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU37	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU38	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU39	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU40	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU41	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU42	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU43	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU44	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU45	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU46	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU47	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU48	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU49	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU50	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU51	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU52	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU53	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU54	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU55	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU56	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU57	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU58	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU59	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU60	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU61	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU62	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU63	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU64	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU65	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU66	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU67	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU68	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU69	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU70	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU71	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU72	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU73	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU74	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU75	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU76	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU77	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU78	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU79	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU80	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU81	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU82	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU83	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU84	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU85	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU86	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU87	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU88	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU89	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU90	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU91	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU92	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU93	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU94	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU95	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU96	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU97	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU98	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU99	-1.0	-2.1	1.8	1.9
EU100	-1.0	-2.1	1.8	1.9

"Þegar við berum saman tölurnar frá fjórðungi til fjórðungs - og þegar við leiðréttum vegna verðbreytinga og mismunandi fjölda vinnudaga árstíða, sérstaklega hvað varðar útflutning og fjárfestingar í vélum og tækjum - þá höfðu fjárfestingar í vélum og tækjum nokkur jákvæð áhrif til vaxtar. **En**, stór aukning varð í innflutningi á milli ársfjórðunga og það átti sér einnig stað mikil birgðasöfnun. Endanleg einkaneysla heimilanna hélt áfram að dragast saman og sá samdráttur seinkar því að hagvöxtur komist í gang á ný." [Hagstofa Þýskalands](#)

Eina viðvarandi vaxtarvon erusvæðis er að finna í Frakkland því það er eina landið á evrusvæði sem er ekki ennþá orðið að elliheimili. Nánar í grein [Edward Hugh](#) | [Hagstofa ESB](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>